

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 45/1999**frá 11. janúar 1999****um breytingu á tilskipun ráðsins 70/524/EBE um aukefni í fóðri, með tilliti til afturköllunar á leyfi fyrir tiltekin aukefni í flokknum hníslalyf og önnur læknandi efni**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2821/98 ⁽²⁾, einkum a-lið 3. mgr. 9. gr. g,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Hníslalyf og önnur lyf, sem felld voru inn í I. viðauka við tilskipun 70/524/EBE fyrir 1. janúar 1998, eru leyfð til bráðabirgða frá 1. apríl 1998 og flutt í I. kafla í viðauka B, þannig að hægt sé að endurmeta þau sem aukefni tengd einstaklingi sem er ábyrgur fyrir að setja þau í dreifingu.

Framkvæmdastjórnin skal afturkalla bráðabirgðaleyfi fyrir hníslalyfjum og öðrum lyfjum enda hafi engar nýjar umsóknir um leyfi borist til framkvæmdastjórnarinnar fyrir 1. október 1998, fyrir milligöngu skýrslugjafarríkisins, ásamt gæðalýsingu viðkomandi efnis og auðkennisblaði, frá þeim sem er ábyrgur fyrir tækniskjölunum sem fyrri leyfisveiting byggðist á eða eftirmanni hans eða eftirmönnum.

Framkvæmdastjórninni hafa ekki borist neinar slíkar umsóknir sem varða eftirfarandi lyf úr flokknum „hníslalyf og önnur lyf“: arprínósíð, dínítólmíð og íprónídasól.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. janúar 1999.

Þar eð kröfur tilskipunar 70/524/EBE hafa ekki verið uppfylltar ber að nema úr gildi leyfi fyrir þessum aukefnum og fella efnin brott úr I. kafla viðauka B við þá tilskipun.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi efni, sem tilheyra flokknum „hníslalyf og önnur lyf“, í I. kafla í viðauka B við tilskipun 70/524/EBE falli brott:

- arprínósíð,
- dínítólmíð,
- íprónídasól.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 30. september 1999.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.⁽¹⁾ Stjttíð. EB L 270, 14. 12. 1970, bls. 1.⁽²⁾ Stjttíð. EB L 351, 29. 12. 1998, bls. 4.